

**54** — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um borgun fyrir rannsókn á vínföngum.* — Með brjefi herra amtmannsins frá 20. f. m. meðtók jeg erindi bæjarfógetans í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar minnar um, hverja borgun hann megi reikna sjer fyrir rannsókn þá, sem gjört er ráð fyrir í 2. gr. flögum 11. febr. þ. á. um breyting á tilskipun um gjald á brennivini og öðrum áfengum drykkjum frá 26. febr. 1872, að tollgreiðandi láti fram fara á sinn kostnað til þess í sumum tilfellum að komast hjá að borga hæzta gjald af innfluttum vínföngum. Hafið þjer látið í ljósi það álit, að slíka rannsókn mætti álíta skoðunargjörð, er lögreglustjóri gæti kvatt menn til að framkvæma, og bæri honum þá borgun fyrir hana samkvæmt 6. gr. aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. septbr. 1830. Þar á móti ætlið þjer, að lögreglustjóra beri ekki nein sjerstök borgun fyrir slíka athöfn, hafi hann framkvæmt rannsóknina sjálfur, eða látið hinn löggilta umboðsmann sinn gjöra það, og að eigi verði umtalsmál um neinn kostnað við slíka gjörð nema því að eins að lögreglustjóri þurfi að takast ferð á hendur vegna hennar, og bæri honum þá ferðakostnaður og dagpeningar samkvæmt 15. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Fyrir þessa sök skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg verði að vera á því, að fyrir slíkar rannsóknir, og þær, er hjer er um að ræða, eigi að greiða borgun samkvæmt 22. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

**55** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um tíu ára byggingu sýslumannsljensjarðarinnar Yztakletts.* — Í erindi, sem jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 9. þ. m., hefir ábúandinn á ljensjörð sýslumannsins á Vestmannaeyjum, Yztakletti, farið þess á leit, að bygging sú, er hann hefir fengið fyrir jörð þessari um embættistíð sýslumanns þess, sem nú er, mætti verða fastákveðin fyrir 10 ára tíma, og til færir hann þá ástæðu fyrir beiðni þessari, að hann myndi fremur sjá sjer hag að leggja nokkuð að mun í kostnað til að endurbæta eyju þessa, ef hann hefði vissu fyrir að fá að halda henni nokkur ár, heldur en ef hann ætti á hættu að verða að sleppa henni innan skamms tíma, ef sýslumannaskipti yrðu, og hafið bæði þjer, herra amtmaður, og sýslumaðurinn mælt fram með, að þetta verði veitt, af tilgreindri ástæðu, og með því að hið umsamda eptirgjald 350 kr. á ári sje 40 kr. meira en áður hafi verið goldið eptir jörðina, sem metin er tæp 29 hndr. að dýrleika.

Fyrir því skal yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samþykki, að nefnd embættisjörð skuli byggð beiðandanum um 10 ár, eða til fardaga 1886, hvort sem sýslumannaskipti verða á þeim tíma eða ekki, þó þannig, að tekið verði fram í byggingarbrjefinu, að hann fyrirgjöri þessum ábúarrjetti, ekki að eins ef hann greiðir ekki hið ákveðna eptirgjald í rjettan gjalddaga, heldur og ef hann skemmir á einhveru hátt jörðina, eða fer illa með hana, svo sem með því að láta hana vanta áburð, að viðhafa óreglulega veiðiáðferð, fuglatakju, eða fjárbeiti o. s.frv. Skal afhenda honum jörðina með nákvæmri skoðunargjörð á ástandi því, sem hún nú er í, og síðan hafa nákvæmt eptirlit með meðferð ábúanda á henni, og ber að ákveða í byggingarbrjefinu, að ábúandi skuli sœta fullnaðarúrskurði amtsins eða landshöfðingja um það, hvort skemmdir hafi orðið á jörðunni af hans völdum, eða hvort meðferð hans á henni að öðru leyti hafi verið þannig varið, að honum beri að missa ábúðina innan nefnds tímabils.

Um það, hvort bygging þessi kemst á, býst jeg við að fá á sinnm tíma skýrslu frá yður.